



LÖG

SAMTAKA ELÐRI SJÁLFSTÆÐISMANNA

1. gr. Félagið er landsfélag og heitir Samtök eldri sjálfstæðismanna. Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur samtakanna er: Að vinna að málefnum eldri borgara með virku starfi að stefnumótun og framkvæmd Sjálfstæðisflokksins í öllum málum sem varða aldrað fólk og hagsmuni þess.

3. gr.

Aðild að samtökunum er opin öllum sjálfstæðismönnum 60 ára og eldri og skal tilkynna um aðild til stjórnar samtakanna. Með sama hætti skal tilkynna úrsögn.

4. gr.

Stjórn samtakanna skipa 9 menn Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Varastjórn skipa 9 menn. Þá skulu kosnir 2 skoðunarmenn reikninga.

Innan samtakanna skal starfa trúnaðarráð, sem skipað er allt að 40 fulltrúum auk stjórnar og varastjórnar. Stjórnin gerir tillögur til aðalfundar um skipan trúnaðarráðsins. Við val fulltrúa í ráðið skal stjórnin gæta þess að í því eigi sæti fulltrúar úr öllum kjördæmum landsins. Stjórnin skal leitast við að velja fulltrúa með fag- og starfsreynslu í veigamiklum málum er varða málefni eldri borgara.

5. gr.

Aðalfund samtakanna skal halda árlega, ekki síðar en í októbermánuði. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Umræður um skýrslu stjórnar.
3. Lagabreytingar.
4. Umræður og afgreiðsla ályktana.
5. Kosning:
 - a) Kosning formanns og varaformanns.
 - b) Kosning 7 stjórnarmanna.
 - c) Kosning 9 manna varastjórnar.
 - d) Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga.
 - e) Kosning trúnaðarráðs.
 - f) Kosning 9 manna í flokksráð og 9 til vara.

6. Ákvörðun um félagsgjald

7. Önnur mál.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Þó þarf tvo þriðju hluta atkvæða til lagabreytinga. Stjórn samtakanna hefur heimild til að boða til almennra funda í samtökunum komi upp mál, sem stjórnin telur ástæðu til að samtökin þurfi að láta til sín taka.

6. gr.

Aðalfundur er opinn öllum skráðum meðlimum samtakanna og skal hann boðaður eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund, auk þess sem hann skal auglýsa með tölvupósti og í Morgunblaðinu.

7. gr.

Starf samtakanna er háð skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins .

(Samþykkt á stofnfundi samtakanna 6.nóvember 1997)

(Breytingar á aðalfundi 25.nóvember 1998.)

(Breytingar á aðalfundi 12.desember 2006)

(Breytingar á aðalfundi 30.nóvember 2016)